## Stéttarfélag auglýsir eftir starfskrafti í 50% starf.

Um er að ræða alhliða skrifstofustörf. Hæfni í mannlegum samskiptum og alhliða tölvukunnátta er skilyrði. Þekking á bókhaldi (DK) og reynsla af skrifstofustörfum er kostur.
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf 25. ágúst.**
Umsóknir sendist á netfangið lsos@lsos.is
Umsóknarfrestur er til 16. júní.

## LAUS STÖRF

### TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

Eftirtaldar kennarastöður eru lausar til umsóknar fyrir skólaárið 2010 - 2011

*Fiðlukennari* — *100% starf*
Starfið felst í hefðbundinni fiðlukennslu og stjórnun yngri strengjasveita.

*Tónfræðagreinakennari* — *90% starf*
Starfið felst í kennslu yngri nemenda skv. námskrá menntamálaráðuneytisins.

*Sellókennari* — *50% starf*
Starfið felst í hefðbundinni sellókennslu.

*Þverflautukennari* — *45% starf*
Um er að ræða afleysingastarf vegna fæðingarorlofs til 1. apríl 2011.

*Saxófónkennari* — *30% starf*

*Kontrabassakennari* — *20% starf*
Starfið felst í hefðbundinni kontrabassakennslu.

Umsóknum skal skilað til starfsmannaþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær. Bent er á rafrænar umsóknir á *mittreykjanes.is.*

**Umsóknarfrestur er til 25. júní nk.**

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri í síma 421 1153 eða 863 7071 eða Karen Janine Sturlaugsson, aðstoðarskólastjóri, í síma 421 1153 eða 867 9738.

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Fræðslusvið

Íslandsbanki

# Lögfræðingur

## hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka

Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum einstaklingi í starf lögfræðings í Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka. Í starfinu felst, auk víðtækrar þátttöku í verkefnum deildarinnar, gerð ráðgjafasamninga við viðskiptavini, skjalagerð í tengslum við kaup, sölu eða samruna fyrirtækja, skjalagerð í tengslum við skráningar á skipulegan verðbréfamarkað og önnur samskipti við Kauphöll Íslands.

Fyrirtækjaráðgjöfin veitir fyrirtækjum og fjárfestum meðal annars ráðgjöf við kaup, sölu eða sameiningu fyrirtækja og aðstoð við öflun hlutafjár eða lánsfjármögnunar. Ráðgjöfin sérhæfir sig einnig í margvíslegri þjónustu í tengslum við endurskipulagningu fyrirtækja. Ráðgjöfin vinnur náið með viðskiptavinum til að tryggja afburðaþjónustu og árangur.

### Helstu verkefni:

- Lögfræðiráðgjöf í tengslum við breytingar á eignarhaldi og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja
- Þátttaka í verkefnum ráðgjafarinnar og yfirumsjón með allri lögfræðivinnu
- Samningar og skjalagerð
- Umsjón með gerð verkferla
- Samskipti við viðskiptavini bankans og aðra hagsmunaaðila

### Hæfniskröfur:

- Fullnaðarpróf í lögfræði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð enskukunnátta
- Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði

Nánari upplýsingar veitir Halla Sigrún Hjartardóttir forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar í síma 440 4532, netfang: halla.hjartardottir@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ferilskrá eigi síðar en mánudaginn 21. júní næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is

## Verkefnisstjóri félagsmiðstöðvar ungmenna

**Viltu taka þátt í að móta og efla gott starf í félagsmiðstöð ungmenna sem á Dalvík?**

Auglýst er nýtt starf verkefnisstjóra í félagsmiðstöðinni Pleizinu á Dalvík. Um er að ræða 100% starfshlutfall en mögulegt er að hafa það minna, sé þess óskað. Viðkomandi ber ábyrgð á öllu félags- og hópastarfi félagsmiðstöðvarinnar. Lögð er mikil áhersla á góða samvinnu við alla hagsmunaaðila s.s. Grunnskóla Dalvíkurbyggðar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og áhugi á starfi með börnum og ungmennum
- Metnaður, frumkvæði og þörf til að ná árangri
- Góð tölvuþekking og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð

Frekari upplýsingar er að fá hjá Bjarna Gunnarssyni íþrótta- og æskulýðsfulltrúa í síma 460-4913 eða á bjarni@dalvik.is eða Hildi Ósp Gylfadóttur sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs í síma 460-4916 eða hildur@dalvik.is Vakin er athygli að á heimasíðu Dalvíkurbyggðar, www.dalvik.is er að finna frekari upplýsingar um starfið.

Umsóknir og ferilskrár skulu sendast rafrænt og verður móttaka umsókna staðfest.

## Störf í íþróttamiðstöð

**Okkar vantar starfsmenn í nýja og glæsilega íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar**

Auglýst er eftir starfsmönnum í vaktavinnu við íþróttamiðstöð á Dalvík frá og með hausti. Möguleiki er á 100% stöðu en einnig hlutastarfi. Starfið felur m.a. í sér móttöku gesta, afgreiðslu og sölu, öryggisgæslu í sundlaug og íþróttasal, baðvörslu, þrif og aðra almenna þjónustu við gesti íþróttamiðstöðvarinnar t.d. að veita upplýsingar um Dalvíkurbyggð og nágrenni til ferðamanna. Starfsfólk sér um tjaldsvæði Dalvíkur á sumrin.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Áhugi og reynsla af sambærilegum störfum svo og störfum með börnum og ungmennum
- Sjálfstæði, skipulagshæfni, drifkraftur og frumkvæði
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund
- Hreint sakavottorð
- Gott líkamsástand en umsækjendur þurfa að hafa, eða vera tilbúnir að taka skyndihjálparpróf og standast hæfnispróf sundstaða

Laun eru skv. samningi launanefndar sveitarfélaga og Kjalar, stéttarfélags í almannaþjónustu.

Frekari upplýsingar er að fá hjá Bjarna Gunnarssyni íþrótta- og æskulýðsfulltrúa í síma 460-4913 eða í tölvupósti bjarni@dalvik.is. Umsóknir og ferilskrár skulu sendast rafrænt og verður móttaka umsókna staðfest.

## Leikskólinn Leikbær óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa

**Ertu frábær og frjór?**

Leikbær er staðsettur í Árskógi sem er í um 10 km fjarlægð frá Dalvík og 35 km frá Akureyri. Umhverfi skólans er einstakt, mikil nálægð er við náttúru og sveit. Lögð er áhersla á útikennslu og fjölmenningarlega kennslu. Einnig tekur leikskólinn m.a. þátt í þróunarverkefninu leikskólalæsi. Í leikskólanum er ein aldursblönduð deild. Eru nemendur á aldrinum 9 mánaða til 6 ára.

**Hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og rík þörf til að ná árangri
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hreint sakavottorð

Upplýsingar veitir leikskólastjóri, Gitta U. Ármannsdóttir í síma 4661971. Umsóknum ber að skila til Leikbæjar eða á netfangið leikbaer@dalvik.is og verður móttaka staðfest. Hægt er að sjá nánari upplýsingar um skólann á slóðinni http://leikbaer.dalvik.is/ Frá hvaða tíma ráðið er í stöðuna er samkomulagsatriði.

DALVÍKURBYGGÐ

**Umsóknarfrestur um öll störfin er til og með 23. júní.**
Dalvíkurbyggð er sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð, um 40 km. norðan við Akureyri en í sveitarfélaginu búa tæplega 2000 íbúar. Þrátt fyrir að sveitarfélagið sé ekki stórt er þar veitt metnaðarfull þjónusta við íbúa þess. Þar má nefna: Framsækna grunn- og leikskóla, öflugt menningarlíf og fjölbreytta möguleika til íþróttaiðkunar og útivistar og verður m.a. ný íþróttamiðstöð vígð á haustdögum.Sjá nánar um sveitarfélagið á **www.dalvik.is**

zebra



# FORSTÖÐUMAÐUR VÁTRYGGINGARSVIÐS

**Okkar líftryggingar hf. óska eftir að ráða forstöðumann vátryggingarsviðs félagsins. Lögfræði- eða viðskiptafræðimenntun er áskilin. Reynsla á sviði vátrygginga er æskileg og lipurð í mannlegum samskiptum mikilvæg.**

Forstöðumaður vátryggingarsviðs annast og ber ábyrgð á:

- Umsjón með áhættumati og mótun vinnureglna.
- Álitsgerðum um bótaskyldu.
- Vinnslu bótakrafna.
- Gerð og endurskoðun skilmála félagsins.
- Samskiptum við stofnanir og eftirlitsaðila, s.s. Fjármálaeftirlitið og Persónuvernd.
- Gerð og mótun öryggisstefnu félagsins.
- Daglegri umsjón með starfsmönnum vátryggingasviðs.
- Samstarfi við trúnaðarlækna, lögfræðinga og aðra utanaðkomandi aðila er tengjast áhættumati og vinnslu bótakrafna.
- Umsýslu tengda kvörtunum – móttöku og vinnslu.
- Almenn samskipti við endurtryggjendur, m.a. varðandi uppgjör tjóna.
- Fræðslu til starfsmanna og ráðgjafa varðandi áhættumat trygginga og útfyllingu umsókna.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf eigi síðar en 1. ágúst. Umsóknum skal skila í tölvupósti til **gudbjorg@okkar.is**. Umsóknarfrestur er til 25. júní.

Sóltún 26 • 105 Reykjavík • www.okkar.is okkar

OKKAR líftryggingar hf. er elsta starfandi líftryggingafélag landsins. Það var stofnað árið 1966 undir nafninu Alþjóða líftryggingafélagið og hefur frá upphafi verið brautryðjandi í þróun persónutrygginga hér á landi.

## Aðstoðarkona óskast

Kona (37–60 ára) óskast til að aðstoða þrítuga, langveika konu við keyrslu, ýmsar athafnir daglegs lífs og að vera henni tilfinningalegur stuðningur. Hún þarf að geta verið mjög sveigjanleg varðandi vinnutíma, þetta gætu verið 3–5 tímar á dag eða meira eftir þörfum, fram á kvöld og stöku sinnum um helgar. Viðkomandi þarf að vera nærgætin, hlý/kærleiksrík, þolinmóð og heilsuhraust (hafa líkamlegan styrk). Gott ef hún hefur bíl til umráða og kostur ef hún hefur reynslu af umönnunarstarfi – en það er ekki skilyrði.

Umsóknir sendist á adstodarkona@gmail.com með nafni, síma, netfangi, helstu upplýsingum um viðkomandi og fyrri starfsreynslu og helst 2 meðmælendur sem hægt væri að hafa samband við.



## Læknir óskast til starfa

**Í byrjun ágúst verður nýtt 110 rýma hjúkrunarheimili opnað að Suðurlandsbraut 66, Mörk-hjúkrunarheimili.**

Óskað er eftir lækni að heimilinu sem verður rekið með Eden hugmyndafræðina að leiðarljósi. Hún miðar að því að heimilismaður haldi sjálfstæði sínu og taki daglegar ákvarðanir sem varða daglegt líf hans en búi jafnframt við það öryggi sem fylgir því að vera á hjúkrunarheimili. Frjálslegt og heimilislegt andrúmsloft verður í fyrirrúmi.

Upplýsingar um starfið veitir Helga Hansdóttir öldrunarlæknir í síma 824 5510 eða með tölvupósti á helgah@landspitali.is

Einnig veitir Helga J. Karlsdóttir starfsmannastjóri Grundar upplýsingar í síma 530 6100 eða með tölvupósti á helga@grund.is



MÖRK HJÚKRUNARHEIMILI

Capacent Ráðningar

# VERKEFNASTJÓRI

STAÐLARÁÐ ÍSLANDS ÍSLENSKIR STAÐLAR

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003. Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

**Staðlaráð Íslands óskar eftir að ráða verkefnastjóra til starfa.**

**Starfssvið**
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun og samræmingu á sviði upplýsingatækni og rafrænna viðskipta og kynningu á því starfi
- Þátttaka í erlendu samstarfi er tengist stöðlum og samræmingu
- Ritari Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni
- Vinna við önnur verkefni sem tengjast framgangi staðla á Íslandi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla í árangursríkri verkefnastjórnun nauðsynleg. Fagleg þekking á gæðastjórnun og notkun staðla æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar

Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC, evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg.gudjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# BÆJARSTJÓRI AKUREYRI

Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 17.500 talsins. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar í botni Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey einnig innan vébanda sveitarfélagsins. Nýkjörin bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

**Laus er til umsóknar staða bæjarstjóra á Akureyri. Leitað er að metnaðarfullum og kraftmiklum aðila til að leiða áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins.**

**Starfssvið**

- Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og hagsmunagæsla þess
- Yfirumsjón með rekstri sveitarfélagsins
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Náið samstarf við bæjarstjórn
- Samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun kostur, en ekki skilyrði
- Reynsla af sveitarstjórnarstörfum kostur
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Leiðtogahæfni
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á mótun og uppbyggingu samfélagsins
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með ráðningunni hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgötu 36
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# TÓNLISTARSTJÓRI HÖRPU

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

Rekstrarfélagið Ago ehf. mun sjá um rekstur Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík. Ago er dótturfélag Portus sem sér um uppbyggingu hússins. Eignarhaldsfélagið er Austurhöfn-TR ehf. sem er í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar. Sjá nánar á www.harpa.is

**Rekstrarfélagið Ago ehf. auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra tónlistar í Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík. Leitað er að hugmyndaríkum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi.**

Tónlistarstjóri leiðir og starfar í teymi verkefnisstjóra, þar sem hver hefur sitt svið, en allir vinna saman að verkefnum þegar þörf er á. Jafnframt er viðkomandi yfirmaður tónlistardagskrár í sölum Hörpu og skipuleggur faglega vinnu við undirbúning verkefnanna í samráði við framkvæmdastjóra.
Viðkomandi er verkefnisstjóri tónleikahalds og þyrfti að hefja störf sem allra fyrst í hlutastarfi við undirbúning samstarfs við SÍ og almennt tónleikahald í húsinu. Tónlistarstjóri er síðan í fullu starfi og getur vinnutími þá verið mjög óreglulegur.

**Starfssvið**

- Stefnumörkun og verkstjórn við dagskrárgerð og verkefnastýringu
- Mótun og útfærsla dagskrár, hugmyndavinna með Listráði Hörpu, samstarf við fagaðila í tónlist og viðburðastjórnendur
- Samstarf við fasta notendur í Hörpu, SÍ, ÍÓ og aðra tónleikahaldara og listamenn
- Samskipti við innlenda sem erlenda samstarfsaðila
- Gerð tilboða og samninga
- Áætlanagerð, bókanir, kynningar og undirbúningur með tónleikahöldurum
- Dagleg verkefnastjórn eftir að húsið opnar
- Önnur verkefni sem framkvæmdastjóri eða stjórn felur viðkomandi

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Umfangsmikil reynsla af tónleikahaldi og stjórnun
- Framhaldsmenntun í tónlist og hljóðfæraleik
- Reynsla af samningagerð og rekstri
- Reynsla af stjórnun og mannahaldi
- Góð tengsl innan tónlistargeirans
- Reynsla af erlendum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Færni í ræðu og riti
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með starfinu hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgötu 36
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS



capacent

Reykjavíkurborg
Framkvæmda- og eignasvið

## Rafeindavirki

Framkvæmda- og eignasvið auglýsir eftir rafeindavirkja til starfa hjá umferðarljósadeild Gatna- og eignaumsýslu Reykjavíkurborgar á Stórhöfða.

**Starfssvið**
- Rekstur og viðhald umferðarljósa, hraða og rauðljósamyndavéla og hvers konar búnaðar til umferðarstýringar, miðamæla, rafstýrðum lokunarbúnaði og upplýstum umferðarmerkjum.
- Kostnaðargát og skýrslugerð.
- Samskipti við ýmsa hagsmunaaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Sveinspróf í rafeindavirkjun og haldgóða starfsreynslu og / eða meistararéttindi.
- Mikinn áhuga á að læra nýja hluti og veita góða þjónustu.
- Góð almenn tölvuþekking, Word, Excel.
- Góða enskukunnáttu.
- Ökuréttindi.

Um er að ræða framtíðarstarf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Gerð er krafa að viðkomandi starfsmaður sinni reglulega bakvöktum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi starfsmannafélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Birgisson, tæknilegur rekstrarstjóri (thorsteinn.birgisson@reykjavik.is) og starfsmenn mannauðsdeildar (mannaudsdeild.fs@reykjavik.is), sími 411 1111. **Umsóknarfrestur er til 25. júní nk.** Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is undir „ Störf í boði“ rafeindavirki.

Framkvæmdastjóri óskast til að gera

# GOTT FYRIRTÆKI FRÁBÆRT



VIÐ LEITUM AÐ:

- Framtíðarleiðtoga
- Markaðsdrifnum
- Til að taka við 18 manna þjóðþekktu matvælaiðnfyritæki

ÁBYRGÐASVIÐ:

- Að láta starfsfólk hlakka til hvers nýs vinnudagsdags
- Að finna win/win/win-leiðir í samkeppnis-umhverfi fyrir fyrirtækið, viðskiptavini og birgja

HÆFNISKRÖFUR:

- Heiðarlegur, samningamaður, markaðsþenkjandi, ósérhlífinn, þrautseigur, skemmtilegur, háskólamenntaður

Sendu okkur línu á box@frett.is merkt "GOTT TÆKIFÆRI" fyrir 20. júní og sannfærðu okkur um að þú sért réttur maður til að gera GOTT FYRIRTÆKI FRÁBÆRT

# Sveitarstjóri
## í Mýrdalshreppi,Vík í Mýrdal

Starf sveitarstjóra í Mýrdalshreppi er laust til umsóknar. Mýrdalshreppur er öflugt, 500 manna sveitarfélag í einni fallegustu sveit landsins. Í sveitafélaginu er gott mannlíf, öflugt félagsstarf, örugg heilsugæsla og öll almenn þjónusta. Í Vík er rekinn sameinaður grunn,-leik- og tónskóli þá er sundlaug, íþróttahús og golfvöllur til staðar.



Við leitum eftir áhugasömum og framsýnum einstaklingi sem hefur metnað til að takast á við krefjandi og spennandi verkefni í sveitarfélaginu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Sveitarstjórn leggur áherslu á eftirfarandi þætti í vali á umsækjendum:**



- **Færni í stjórnun og mannlegum samskiptum**
- **Áhugi og reynsla af bókhaldi, rekstri og stjórnsýslu sveitarfélaga**
- **Áhugi og reynsla í markaðs- og kynningarmálum**
- **Færni í að tjá sig í ræðu og riti**
- **Háskólamenntun eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi**

**Áhugasamir leggi inn skriflegar umsóknir fyrir 22. júní næstkomandi, merkt: Sveitarstjóri Mýrdalshrepps, bt. Elín Einarsdóttir, Austurvegi 17, 870 Vík.**

*Sveitarstjórn Mýrdalshrepps*

ICELANDIC INSTITUTE FOR INTELLIGENT MACHINES
IIIM
VITVÉLASTOFNUN ÍSLANDS

## Vitvélastofnun Íslands

auglýsir eftir umsækjendum í starf **aðstoðarmanns framkvæmdastjóra**. Stofnunin, sem nýlega var sett á laggirnar, stundar rannsóknir á sviði gervigreindar og hermunar. Við leitum að dugmiklum starfskrafti sem hefur áhuga á að ryðja brautina með okkur. Umsækjandi þarf að vera vel skrifandi og talandi á ensku og íslensku og fær í notkun tölvutækni við skrifstofustörf. Reynsla af rannsóknum, styrkumsóknum eða skyldri akademískri starfsemi er nauðsynleg. Áhugasamir skulu senda rafskeyti með ferilskrá í viðhengi á PDF formi á jobs@iiim.is

## Auðarskóli Dölum

**Við tónlistardeild Auðarskóla vantar tónlistarkennara.** Tónlistardeildin starfar eftir Aðalnámskrá Tónlistarskóla og sinnir grunnnámi í hljóðfæraleik, kórastarfi og aðstoðar við uppákomur í skólanum. Mikil tækifæri eru til að samtvinna tónlist inn í starfsemi leik-, og grunnskóla. Aðstaða til kennslu er góð. Leitað er eftir áhugsömun einstaklingi sem hefur tónlistarmenntun til og reynslu af kennslu í tónlistarskólum. **Umsóknarfrestur er til og með 22. júní.** Upplýsingar gefur Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 899 – 7037 eða á netfanginu eyjolfur@dalir.is

## Móttaka og símavarsla

Verksvið
- Símsvörun og aðstoð við viðskiptavini
- Móttaka viðskiptavina og afgreiðsla
- Prentun aðgöngumiða og tengd verkefni
- Umsjón með miðasölu á tónleikastað
- Önnur tilfallandi verkefni

Midi.is leitar að metnaðarfullum og stundvísum einstaklingi sem býr yfir ríkri þjónustulund, hefur góða íslensku- og enskukunnáttu og á auðvelt með að skrifa lipran texta. Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði. Umsóknarfrestur er til 20. júní

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á olafur@midi.is.

midi.is

Grunnskólinn Ljósaborg

## Íþróttakennari óskast

**Okkur vantar öflugan íþróttakennara í góðan og jákvæðan starfsmannahóp fyrir næsta skólaár. Starfshlutfall 60%.**

Grunnskólinn Ljósaborg er staðsettur að Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi. Leiguhúsnæði, leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð er á staðnum. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist til skólastjóra.

**Umsóknarfrestur er til 16. júní.**

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans: http://www.ljosaborg.is/ og hjá skólastjóra Hilmari Björgvinssyni í síma 482-2617 og 863-0463, netfang hilmar@ljosaborg.is.

;ALLT
ÚT AÐ BORÐA
Föstudaga
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

# Viltu vera í okkar liði?



Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum.

Actavis hf. og Medis eru dótturfyrirtæki samstæðunnar á Íslandi og eru staðsett í Hafnarfirði. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 600 starfsmenn á ýmsum sviðum.

Þróunarsvið Actavis Group auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

## Verkefnastjóri í Project Management

Project Management sér um að stýra þróunarverkefnum og kemur einnig að flutningi þeirra til dótturfyrirtækja Actavis erlendis.

Helstu verkefni:

- Utanumhald um alla verkþætti þróunar
- Uppsetning á þróunaráætlunum
- Fylgja eftir tímalínum
- Stýra fundum verkefnahópa og miðla upplýsingum
- Samráð við dótturfyrirtæki Actavis erlendis

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun á sviði raunvísinda
- með þekkingu og/eða reynslu af verkefnastjórnun
- með góða enskukunnáttu
- með góða samskiptahæfni
- sem er fljótur að tileinka sér ný vinnubrögð og þekkingu

## Sérfræðingur í skráningardeild

Skráningardeild sér um að veita ráðgjöf við þróun á lyfjum með hliðsjón af gildandi reglugerðum og taka saman gögn fyrir ný lyf til markaðssetningar erlendis.

Helstu verkefni:

- Ráðgjöf og þátttaka í þróunarverkefnum
- Samantekt skráningargagna fyrir ný lyf þróuð á Íslandi til markaðssetningar á markaði Evrópusambandsins og víðsvegar um heim
- Uppfærslur á skráningargögnum
- Svara athugasemdum og annmarkabréfum yfirvalda
- Samskipti við viðskiptavini og skráningaryfirvöld um tæknileg atriði er snerta skráningarmál
- Upplýsingagjöf um skráningargögn til annarra deilda fyrirtækisins

Við leitum að einstaklingi

- með háskólapróf á sviði raunvísinda, s.s. lyfjafræði, matvælafræði eða sambærilega menntun
- með góða enskukunnáttu
- sem er fljótur að tileinka sér ný vinnubrögð og þekkingu

## Sérfræðingar í þróunardeild mæliaðferða

Þróunardeild mæliaðferða sér um þróun og gildingu á mæliaðferðum sem notaðar eru við þróun á nýjum lyfjaformum og við losun á framleiðsluvörum á markað.

## Sérfræðingur í þróun mæliaðferða

Starfið er sambland af hópavinnu, verklegri vinnu á rannsóknarstofu, úrvinnslu á gögnum og skýrslugerð.

Helstu verkefni:

- Þátttaka í verkefnahópum sem vinna að þróun nýrra lyfjaforma
- Þróun og gilding á mæliaðferðum
- Umsjón með tækjabúnaði og innleiðing á nýrri tækni og verklagi

Við leitum að einstaklingi

- með háskólapróf á sviði raunvísinda, leitað er að starfsmanni með mjög góðan grunn í efnafræði og efnagreiningum
- með reynslu af rannsóknarstörfum þar sem krafist er nákvæmni og staðlaðra vinnubragða við öflun og úrvinnslu gagna
- með reynslu af verkefnastjórnun
- með góða samskiptahæfni
- með góða ensku- og tölvukunnáttu

## Sérfræðingur í mælingum

Helstu verkefni:

- Mælingar á hráefnum og fullbúnum vörum
- Gildingar á mæliaðferðum
- Eftirlit og kvörðun á tækjabúnaði

Við leitum að einstaklingi

- með háskólapróf á sviði raunvísinda
- með reynslu af rannsóknarstörfum þar sem krafist er nákvæmni og staðlaðra vinnubragða við öflun og úrvinnslu gagna
- með góða samskiptahæfni
- með góða ensku- og tölvukunnáttu

Nánari upplýsingar um störfin veitir **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **20. júní nk**.

Actavis Group Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com

actavis

# Rafmagnsverkfræðingur / rafmagnstæknifræðingur

Orkuveita Reykjavíkur

Verkfræðideild óskar eftir að ráða rafmagnsverkfræðing eða rafmagnstæknifræðing til starfa. Deildin hefur umsjón með hönnunarverkefnum og verkefnastjórn framkvæmdaverka hjá Orkuveitunni, aðallega verkum sem taka til dreifi- og flutningskerfa allra miðla. Deildin hefur einnig umsjón með verkefnum á sviði kerfisrannsókna, iðnstýringa, hagkvæmniútreikningum og öðrum sérverkefnum.



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 50604 06/10

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Hönnun og forritun á iðnstýringum
- Verkefnastjórn í framkvæmdaverkum
- Hönnun rafdreifikerfa

Umsóknarfrestur er til 27. júní.

### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf í rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Þekking og reynsla af iðnstýringum
- Haldgóð reynsla af verkefnastjórn
- Þekking á rafdreifikerfum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af hugbúnaði á sviði verkefnastjórnunar og tölvuteiknunar er kostur

capacent RÁÐNINGAR

**Umsjón með úrvinnslu umsókna hafa**
Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þorbjörg Guðjónsdóttir (Thorbjorg.gudjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

- Stefna Orkuveitu Reykjavíkur er að fjölga konum í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum.
- Gildi Orkuveitu Reykjavíkur eru: Virðing, hagsýni, heiðarleiki, eldmóður, traust og sveigjanleiki.

www.or.is

# Skólastjóri við Tónskóla Neskaupstaðar

## Fjarðabyggð auglýsir eftir skólastjóra við Tónskóla Neskaupstaðar frá og með 1.september 2010

**Helstu verkefni:**

- Tónlistarkennsla, dagleg stjórnun og samhæfing starfskrafta skólans
- Samskipti við nemendur, forráðamenn þeirra og stofnanir Fjarðabyggðar
- Ábyrgð á faglegu starfi og fjárhagslegum rekstri skólans
- Tengsl við lista-, menningar- og menntastofnanir í Fjarðabyggð og víðar

**Hæfniskröfur:**

- Tónlistarkennaramenntun skilyrði
- Stjórnunarmenntun eða reynsla af stjórnunarstörfum æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum LN við FT og FÍH. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna.

Skólaárið 2009 – 2010 stunduðu 125 nemendur nám við Tónskóla Neskaupstaðar.
Starfsmenn skólans eru fimm. Tónskóli Neskaupstaðar starfar í nánu samstarfi við Nesskóla, Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar.

Allar nánari upplýsingar veitir núverandi skólastjóri, Ágúst Ármann Þorláksson, í síma 849 3496 eða á netfanginu tonnes@fjardabyggd.is og Þóroddur Helgason, fræðslustjóri, í síma 860 8331 eða á netfanginu thoroddur.helgason@fjardabyggd.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. júní 2010.**
Umsóknir sendist á skrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.

Arion banki

# Framkvæmdastjóri

## Arion banki óskar eftir að ráða öflugan lögfræðing til að stýra lögfræðisviði bankans.

Framkvæmdastjóri annast stefnumótun og þróun sviðsins í samráði við bankastjóra og samstarfsfólk auk daglegs rekstrar.

Lögfræðisvið skiptist í lögfræðiráðgjöf og innheimtudeild og annast fjölbreytt verkefni fyrir öll svið bankans.

Bankinn leitar að metnaðarfullum og traustum lögfræðingi til að leiða öflugt starfsfólk áfram til farsælla verka í krefjandi umhverfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kandidats- eða meistaranám í lögfræði
- Málflutningsréttindi
- Mikil reynsla af lögfræðistörfum
- Umtalsverð stjórnunarreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Nánari upplýsingar veitir:**
Katrín S. Óladóttir í síma 520-4700 eða katrin@hagvangur.is.

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 21. júní nk.**

**Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar af fyllsta trúnaði og öllum umsóknum verður svarað.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

Oslo universitetssykehus

Skurðstofuhjúkrunarfræðinga vantar á skurðstofur fyrir bæklunarlækningar, Oslo Universitetssykehus, Ullevål Aker sykehus, Rikshospitalet og Ullevålsjúkrahúsið hafa verið sameinuð í eitt fyrirtæki, **Oslo Universitetssykehus (OUS)**.
OUS er stærsta sjúkrahúsið í Noregi – starfsfólk er um 20 000 og ársútgjöld 18 milljarðar NOK. Rannsóknir og menntun heilbrigðisstarfsfólks í Noregi eru meðal mikilvægustu þátta í starfsemi sjúkrahússins.
7 stöður skurðstofuhjúkrunarfræðinga eru lausar til umsóknar – 35.5 klst/viku (dag-, kvöld- og næturvaktir og helgar)

**Umsóknarfrestur er til 01.07.2010**

Upplýsingar um stöðurnar veitir yfirhjúkrunarfræðingur, bæklunarsviði skurðstofu, Lillian Haukås, sími +47 230 15 121 eða +47 993 92 738

Til bæklunardeildarinnar á Ullevål koma fjölslasaðir sjúklingar frá syðri hluta Noregs, með mjaðmargrindabrot auk brota og áverka á hrygg og útlimum. Einnig er lögð stund á gerviliðaaðgerðir, hryggjaraðgerðir og bæklunaraðgerðir á börnum. Vinnan felst í skurðstofuhjúkrun á skurðstofunum á Ullevål, bæklunarsviði, bæði við bráðaaðgerðir og skipulagðar aðgerðir.

Vinnustaður OUS, Ullevål, Kirkeveien 166, 0407 Oslo
**Menntun**
Löggiltur hjúkrunarfræðingur með skurðstofuhjúkrun sem sérgrein. Reynsla af bæklunaraðgerðum er æskileg.

Umsækjandi verður að geta tjáð sig á norsku/skandinavísku eða ensku.

Við bjóðum upp á kynningarnámskeið, framhaldsmenntun í skurðstofuhjúkrun bæklunarsjúklinga og fjölbreytta og spennandi vinnu í góðu umhverfi.
Fullt starf í boði (100%) Fastráðning eða afleysingarvinna.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til:
Avdelingssykepleier, Sentraloperasjon, Lillian Haukås ,
Oslo Universitetssykehus,
Kirkeveien 166,
0407 Oslo, Norge

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

## Hafnarvörður / vigtarmaður

**Faxaflóahafnir sf óska að ráða til starfa hafnarvörð / vigtarmann frá og með 15. ágúst 2010.** Starfið felst aðallega í vigtun sjávarafla, móttöku skipa, en einnig umsjón með bryggjum og tilfallandi hásetastörfum á bátum Faxaflóahafna sf.

**Nauðsynlegt er að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:**

- Hafi sótt námskeið um öryggisfræðslu sjómanna
- Hafi réttindi vigtarmanns
- Hafi góða kunnáttu í íslensku og stærðfræði
- Hafi góða tölvukunnáttu

Umsóknir sendist á Faxaflóahafnir sf. Tryggvagötu 17, 121 Reykjavík merkt hafnarvörður / háseti fyrir 15. júlí

**Nánari upplýsingar gefur yfirhafnsögumaður í síma 525 8931 eða 5258900.**

SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Starf sérfræðings á fjármálasviði Seðlabanka Íslands

**Seðlabanki Íslands auglýsir eftir vel menntuðum einstaklingi með þekkingu, frumkvæði og áhuga á viðfangsefnum sem varða fjármálastöðugleika.**

Viðfangsefni fjármálasviðs lúta að öryggi og virkni fjármálastofnana og markaða, auk greiningar á grunnþáttum fjármálakerfisins. Þá annast fjármálasvið verkefni bankans á sviði greiðslumiðlunar ásamt því að hafa umsjón með fjárhirslum bankans.

**Starfssvið:**

- Þátttaka í líkanasmíð og gerð álagsprófa fyrir fjármálakerfið
- Rannsóknir á vísbendingum um stöðugleika fjármálakerfisins og aðrar rannsóknir er lúta að áhættu í fjármálakerfinu
- Umfjöllun um samspil efnahagsþróunar, hagstjórnar og fjármálalegs stöðugleika
- Skrif í rit bankans og þátttaka í kynningum
- Þátttaka í öðrum tilfallandi störfum á sviðin

Æskilegt er að viðkomandi hafi a.m.k. meistarapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði – eða sambærilegt próf. Þekking á ýmsum tegundum fjármálaafurða, umhverfi og starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálamarkaða er afar mikilvæg. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á notkun hugbúnaðar til tölfræðigreiningar. Sérstök áhersla er lögð á að umsækjandinn geti komið frá sér rituðu efni á framúrskarandi máta, bæði á íslensku og ensku. Kunnátta í dönsku, sænsku eða norsku er æskileg. Krafa er gerð um frumkvæði, nákvæmni, ögun og sjálfstæði í vinnubrögðum, auk góðra samskiptahæfileika og hæfni til að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar veitir Harpa Jónsdóttir í síma 569 9600. Umsóknum skal skilað fyrir 25. júní 2010 til rekstrarsviðs Seðlabanka Íslands.

# VIÐ ERUM HÉR FYRIR ÞIG

## Forstöðumaður Fjárstýringar Byrs

Meðal helstu verkefna eru:

- Vinna við stýringu lausafjár og vaxta
- Ávöxtun lausafjár Byrs
- Fjármögnun félagsins
- Ýmis verkefni tengd fjárstýringu

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði eða öðrum sviðum sem nýtast í starfinu
- Framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af fjárstýringu skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um starfið veita:
Herdís Pála Pálsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og rekstrar, í síma 575-4171 eða netfang herdispp@byr.is
Regína Fanný Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, í síma 575-4000 eða reginafg@byr.is

**Nú á að styrkja hóp öflugs starfsfólks á Fyrirtækjasviði Byrs, en það svið sinnir málefnum stærri fyrirtækja, og því eru tvær stöður á sviðinu nú auglýstar lausar til umsóknar:**

## Viðskiptastjóri

Meðal helstu verkefna eru:

- Fjármálaráðgjöf og þjónusta við fyrirtæki
- Greining á greiðsluvanda fyrirtækja
- Vinna að úrlausnum fjármála með viðskiptavinum
- Vinna með útibúum Byrs í málefnum fyrirtækja
- Önnur verkefni á fyrirtækjasviði

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði eða öðrum sviðum sem nýtast í starfinu, framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af rekstri fyrirtækja æskileg
- Reynsla af bankastörfum æskileg, helst af fyrirtækjasviði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

## Sérfræðingur með fullnustueignir

Meðal helstu verkefna eru:

- Meðferð og sala fullnustueigna
- Önnur verkefni á fyrirtækjasviði

Hæfniskröfur:

- Löggilding í sölu fasteigna eða háskólamenntun á sviði lögfræði eða öðrum sviðum sem nýtast í starfinu skilyrði
- Reynsla af sölu fasteigna skilyrði
- Þekking og reynsla af rekstri fasteigna eða fasteignafélaga mjög æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um störfin veita:
Herdís Pála Pálsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og rekstrar, í síma 575-4171 eða netfang herdispp@byr.is
Einar Birkir Einarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, í síma 575-4000 eða birkire@byr.is

**Umsóknarfrestur er til 21. júní.** Umsóknir óskast fylltar út á slóðinni http://www.byr.is/laus_storf/

BYR SPARISJÓÐUR

DYNAMO REYKJAVÍK

Verkefnalausnir

## Markaðs- og sölufulltrúi hugbúnaðar

**Nánri lýsing**: Markaðssetning og sala á hugbúnaðinum **MindManager.**

**Helstu verkefni**: Dagleg sala og þjónusta við viðskiptavini, sölukynningar, tilboðsgerð, skipulag, framkvæmd söluaðgerða, kennsla og ráðgjöf. Vefumsjón og gerð fréttabréfs.

Framhaldsmenntun áskilin og reynsla af sölu- og markaðsmálum. Góð almenn tölvuþekking og þekking á **MindManager** æskileg. Aðrar hæfniskröfur: Góð íslensku- og enskukunnátta, reynsla af kennslu, samskiptahæfni, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð. Góð framkoma og snyrtimennska, þekking á Navision kostur - reyklaus (skilyrði)

Vinnutími: 8.30-16.30 eða skv. samkomulagi.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið: **verkefnalausnir@verkefnalausnir.is**

# Skaftárhreppur

## Starf sveitarstjóra Skaftárhrepps er laust til umsóknar.

Skaftárhreppur er einn víðfeðmasti hreppur landsins og rómaður fyrir náttúrufegurð. Lakagígar, Langisjór og Eldgjá eru í Skaftárhreppi og teljast með helstu náttúruperlum á Íslandi. Hluti hreppsins er innan Vatnajökulsþjóðgarðs, stærsta þjóðgarðs í Evrópu. Íbúar eru 450, þéttbýliskjarni sveitarfélagsins er Kirkjubæjarklaustur, fallegur og fjölfarinn staður við hringveginn, í aðeins 250 km. fjarlægð frá Reykjavík og 200 km. frá Höfn í Hornafirði. Öflug grunnþjónusta, s.s. skólar, íþróttamiðstöð og heilsugæsla, er í sveitarfélaginu. Skaftárhreppur er framtíðarland tækifæranna.

### Starfssvið sveitarstjóra:

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og framkvæmd þeirra ákvarðana sem sveitarstjórn tekur
- Yfirumsjón með fjármálastjórn, bókhaldi og áætlanagerð
- Stefnumarkandi vinna í atvinnu- og íbúamálum
- Samskipti við stofnanir, fyrirtæki, samtök og íbúa
- Umsjón með vefsíðu sveitarfélagsins.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Dugnaður, áhugasemi og jákvæðni
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði rekstrar og stjórnunar
- Góð bókhalds- og tölvukunnátta
- Áhugi á uppbyggingu og markaðsmálum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Ingi Ingason, sími 8680465. Einnig: sveitarstjori@klaustur.is eða sími 8935940.

Umsóknarfrestur er til 25. júní næstkomandi og skulu umsóknir sendar á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15, 880 Kirkjubæjarklaustur.
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Proact

## SÖLUSTARF – HÁRSNYRTING

**Við leitum að frambærilegum fagmanni á sviði hársnyrtingar í sölu- og ráðgjafateymið okkar**

STARFSSVIÐ
Söluheimsóknir á hársnyrtistofur, ráðgjöf um notkun á vörum fyrirtækisins, vinna við kynningarefni, kynningar fyrir viðskiptavini, undirbúningur og þáttaka í námskeiðum

HÆFNISKRÖFUR
Fagmenntun í hársnyrtingu, góð samskiptahæfni og þjónustulund, frumkvæði og dugnaður. Reynsla af sölustörfum og tölvukunnátta eru kostir.

Um er að ræða 60–80% starf, fyrri hluta vikunnar. Viðkomandi mun fá fræðslu og þjálfun hjá erlendum samstarfsfyrirtækjum Proact.

Umsóknarfrestur er til **20. júní**. Umsóknum ásamt ferilskrá með mynd skal skilað til **Proact, Gilsbúð 5, 210 Garðabæ** eða á tölvupóstfangið **proact@proact.is**.

Proact er faglegt og framsækið fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir fyrir hársnyrtistofur. Proact býður upp á mikið úrval af hársnyrtivörum fyrir fagfólk. Okkar markmið er að styðja vel við okkar viðskiptavini með góðri þjónustu og reglulegum námskeiðum þar sem nýjasta tækni og línur eru sýndar.

MATRIX L'ORÉAL PROFESSIONNEL KÉRASTASE PARIS JOICO

## Verkefnisstjóri í lagadeild Félagsvísindasviðs

**Lagadeild** er ein sex deilda á Félagsvísindasviði. Við deildina er boðið upp á grunnnám, meistaranám og doktorsnám í lögfræði.

Auglýst er laust til umsóknar 100% starf verkefnisstjóra á skrifstofu lagadeildar.

**Helstu verkefni** eru þjónusta við nemendur og kennara ásamt öðrum verkefnum á deildarskrifstofu, fjármál, áætlanagerð og vinna við launauppgjör, stúdentaskipti og alþjóðasamskipti.

Krafist er háskólaprófs sem nýtist í starfi, góðrar tölvukunnáttu (Excel, Word), góðrar íslensku- og enskukunnáttu, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi. Færni í fjármálum og áætlanagerð er æskileg og reynsla af störfum í háskólaumhverfi er kostur.

Umsóknarfrestur er til **21. júní** nk.

Sjá nánar á **www.starfatorg.is** og **www.hi.is/skolinn/laus_storf.**

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 101579

## Framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík

Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra Listahátíðar í Reykjavík. Ráðningartími er frá 1. september 2010.

Starfið er fólgið í fjölþættum undirbúningi hverrar hátíðar og öðrum þeim verkefnum sem unnin eru á vegum Listahátíðar.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og stjórn fjármála Listahátíðar í umboði stjórnar og listræns stjórnanda Listahátíðar, vinnur að fjáröflun og samningagerð, gerð fjárhagsáætlunar og uppgjörs.

Umsækjandi hafi háskólamenntun sem nýtist í starfi sem og reynslu af rekstri, fjármála- og verkefnastjórnun.

Umsóknarfrestur er til og með 25. júní 2010.

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal skilað til stjórnar Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík eða á skrifstofu Listahátíðar í Gimli, Lækjargötu 3, Reykjavík.

Listahátíð í Reykjavík
Reykjavík Arts Festival

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Lausar stöður í grunnskólum 2010-2011

**Áslandsskóli** (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Grunnskólakennari
Skólaliði

**Hraunvallaskóli** (590 2800 agusta@hraunvallaskoli.is)
Sérkennari, eða kennari með mikla reynslu af sérkennslu
Grunnskólakennari með framhaldsmenntun í bókasafns- og upplýsingafræðum
Grunnskólakennari
Tónmenntakennari (afleysing) (75%)
Þroskaþjálfi
Stuðningsfulltrúi

**Hvaleyrarskóli** (565 0200 helgi@hvaleyrarskoli.is)
Umsjónarkennari á miðstigi
Íþróttakennari

**Lækjarskóli** (555 0585 haraldur@laekjarskoli.is)
Grunnskólakennari með góða kunnáttu í pólsku og íslensku
Grunnskólakennari með góða kunnáttu í rússnesku, íslensku og stærðfræði

**Víðistaðaskóli** (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Kennsla á miðstigi

**Öldutúnsskóli** (555 1546 (herla@oldutunsskoli.is)
Náttúrufræði og stærðfræði í unglingadeild
Íþróttir (80%)
Tónmennt (70%)
Sérkennari eða kennari sem hefur mikla reynslu af námsaðstoð við nemendur (100%)
Textílkennari (50%)

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní.
Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla, sjá einnig www.hafnarfjordur.is

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



KÓPAVOGSBÆR

## Frá Smáraskóla

**Laus störf í Smáraskóla.**

- Aðstoðarskólastjóri
- Dönskukennari
- Skólaliðar

*Sjá nánar www.kopavogur.is*

vodafone

## Vilt þú vinna með okkur?

### Ert þú jákvæður, kraftmikill og vinnusamur einstaklingur?

Við leitum að sölufulltrúum í söluver Vodafone í hlutastarf eða fullt starf til að selja heildarfjarskiptaþjónustu til heimila. Í boði er sveigjanlegur vinnutími og góð laun fyrir duglega einstaklinga.

### Hæfniskröfur:

- Þjónustulund og kurteisi
- Kappsemi og metnaður
- Sölureynsla er æskileg

**Farðu inn á vodafone.is og leggðu inn þína umsókn strax í dag!**
**Nánari upplýsingar veitir Björn Guðmundsson deildarstjóri söluvers, bjorng@vodafone.is**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

power to you



## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Laus störf í leik- og grunnskólum**

- Leikskólakennarar
- Deildarstjóri
- Leiðbeinendur í tómstundaheimili
- Skólaliði

**Laus störf á bæjarskrifstofum Garðabæjar**

- Aðalbókari
- Þjónustufulltrúi

Sjá nánar á vef Garðabæjar ww.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Jákvæðni-fagmennska-áreiðanleiki

## Staða bæjarstjóra í Vesturbyggð

Vesturbyggð er staðsett á sunnanverðum Vestfjörðum. Sveitarfélagið nær yfir nokkuð stórt svæði og telur um 940 íbúa. Helstu þéttbýliskjarnar eru á Patreksfirði, á Bíldudal og í Birkimel, einnig eru fagrar sveitir allt um kring. Í sveitarfélaginu er fjölbreytt mannlíf og öflugt menningar- og félagslíf. Auðvelt er njóta útivistar í Vesturbyggð þar sem ægifögur náttúra Vestfjarða er allsstaðar innan seilingar.

**Starfssvið bæjarstjóra**

- Bæjarstjóri hefur yfirumsjón með starfsemi bæjarfélagsins og sér um framkvæmd þeirra ákvarðana sem bæjarstjórn tekur samkvæmt samþykktum um stjórn Vesturbyggðar og sveitarstjórnarlögum.
- Bæjarstjóri skipuleggur og undirbýr dagskrá funda bæjarráðs og bæjarstjórnar.
- Bæjarstjóri gætir hagsmuna bæjarfélagsins út á við og annast samskipti við stofnanir, fyrirtæki og samtök.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri sveitarfélaga og/eða fyrirtækja æskileg.
- Færni í stjórnun og mannlegum samskiptum.
- Áhugi á að fást við uppbyggingu bæjarfélagsins.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar veita Ingimundur Óðinn Sverrisson í síma 895-4010 og Þórir Sveinsson, skrifstofustjóri Vesturbyggðar í síma 450-2300.

**Áhugasamir sendi inn umsóknir til bæjarskrifstofu Vesturbyggðar, b/t skrifstofustjóri, Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, fyrir 27. júní næstkomandi.**

## Framtíðarstarf

### Umsjón með Ævintýralandi Kringlunnar



Helstu starfsþættir:

- Daglegur rekstur
- Starfsmannahald
- Gerð vaktaplans
- Innkaup og birgðahald
- Umsjón með öryggismálum

Vinnutími er frá 12:00–18:30/19:00 á sumrin en 13:00–18:30/19:00 á veturna.

Leikskóla- eða kennaramenntun og reynsla af uppeldisstörfum æskileg.

**Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Sigurjón Örn Þórsson tekur á móti umsóknum og veitir nánari upplýsingar í síma **517 9000**, netfang **sigurjon@kringlan.is**.

Umsóknarfrestur er til **25. júní**.

Kringlan

## Viltu vinna með okkur ? - Líttu við!

ISS Ísland er leiðandi fyrirtæki á sviði Fasteignaumsjónar og veitir þjónustu á sviði fasteignaumsýslu, umsjón mötuneyta, ræstinga og annari stoðþjónustu.

**Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 100%**
Ræstingarstarf með föstu starfshlutfalli við afleysingar þar sem vinnutími er á tímabilinu frá kl. 08:00 til 19:00. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða. Heildarlaun á mánuði kr. 233.845,- með bílstyrk.

**Sumarstörf - vinnuhlutfall 25 - 100%**
Viltu vinna í sumar við ræstingar. Erum með störf sem unnin eru á öllum tímum sólarhringsins.

**Aðalræsting/sérverkefni - vinnuhlutfall 100%**
Þetta er starf sem felst í umfangsmeiri þrifum en dagleg ræsting ásamt viðhaldi á gólfum og fl. Fastar stöður þar sem unnið er í hóp með breytilegum vinnutíma. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða. Laun á mánuði kr. 286.561,-

**Vinna fyrir skólafólk - vinnuhlutfall frá 25%**
Viltu vinna í haust í framhaldi af sumarstarfi hjá okkur þegar skólinn byrjar? Getum boðið föst störf við ræstingar þar sem vinnuhlutfall er frá 25% og vinnutími eftir kl. 17:00 eða jafnvel um helgar.

